

Þingskjal 1387 — 940. mál.

Hafnarfirði, 17. maí 2024

Meðfylgjandi er umsögn bókasafnaráðs um tillögu til þingsályktunar um bókmenntastefnu 2024–2030.

Virðingarfyllst, f.h. bókasafnaráðs,

Linda Hrönn Þórisdóttir, formaður

## Umsögn bókasafnaráðs um tillögu til þingsályktunar um bókmenntastefnu 2024–2030.

Bókasafnaráð þakkar fyrir boð um að senda inn umsögn um þingsályktunartillögu um bókmenntastefnu 2024-2030. Ráðið ítrekar ánægju sína sem kemur fram í fyrri umsögn um þingsályktunartillöguna yfir því að unnið sé að heildrænni bókmenntastefnu undir forystu menningar- og viðskiptaráðuneytis. Einnig fagnar bókasafnaráð því að samhliða stefnunni sé aðgerðaráætlun varðandi framkvæmd hennar lögð fram.

Bókasafnaráð þakkar fyrir að brugðist var við athugasemd ráðsins í fyrri umsögn um samstarfsaðila að tillögu nr. 1. Í nýjustu drögum hefur bókasafnaráð og bókasöfn verið bætt við sem samstarfsaðila við tillöguna sem snýr að því að stutt verði árlega við fjölbreytt verkefni sem hvetja til lesturs og sköpunar.

Heildarendurskoðun á regluverki er snýr að bókmenntum og íslenskri tungu er megininntakið í tillögu nr. 2. Þar er endurskoðun á bókasafnalögum sérstaklega nefnd. Bókasafnaráð áréttar mikilvægi þess að samhliða þeirri vinnu verði horft til bókasafnastefnu sem ráðið hefur skilað drögum að til menningar- og viðskiptaráðuneytisins.

Í aðgerð nr. 3 er fjallað um bættu tölfræði varðandi bókaútgáfu á Íslandi og fagnar bókasafnaráð því að ráðið sé nú nefnt sem samstarfsaðili enda er eitt af hlutverkum bókasafnaráðs samkvæmt 5. gr. bókasafnalaga (150/2012) að setja reglur um söfnun og úrvinnslu tölfræðilegra upplýsinga um bókasöfn á Íslandi. Bókasafnaráð vill áréttar að Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn heldur nú þegar utan um tölfræði um bókaútgáfu á Íslandi og því mikilvægt að safnið verði einnig ábyrgðaraðili aðgerðarinnar.

Í aðgerð nr. 4 er lagt til að kostir fastverðsfyrirkomulags fyrir bóksölu verði metnir. Bókasafnaráð vill minna á mikilvægi þess að samræmis sé gætt í þessari aðgerð við þau þrjú meginmarkmið sem sett eru fram í bókmenntastefnunni. Markmiðin snúa meðal annars að aðgengi allra að fjölbreyttu efni, stuðla að auknum lestri og skilvirkum stuðningi við sköpun og útgáfustarfsemi. Ef skorður verða settar varðandi bóksölu er mikilvægt að það muni ekki hamla eðlilegu aðgengi allra að bókmenntum og öðru útgefnu efni.

Bókasafnaráð ítrekar ánægju sína með að mótuð verði opinber stefna um skólasöfn á öllum skólastigum eins og fram kemur í aðgerð nr. 7. Mikilvægt er að útbúin verði gæðaviðmið fyrir skólasöfn þar sem meðal annars er kveðið á um lágmarksbúnað sem þarf að vera til staðar og menntun fagfólks. Þá þarf börnum og ungmennum að vera tryggður aðgangur að fleiri bókum við hæfi í meira magni en nú er.

Eitt helsta markmið bókasafna er að miðla því fjölbreytta efni sem er að finna í bókasöfnum landsins. Í aðgerð nr. 9 er lagt til að viðbótarfjármagni verði tímabundið veitt til að miðla íslenskum sagnaarfi til barna og ungmenna. Bókasafnaráð ítrekar þá beiðni að ráðið sé einn af samstarfsaðilum í þessari aðgerð. Auka mætti það fjármagn sem veitt er í bókasafnasjóð til að hvetja til þess að bókasöfn geti áfram miðlað sagnaarfinum.

Í 6. grein bókasafnalaga 150/2012 kemur fram að hlutverk bókasafna sé að veita aðgang að fjölbreyttu safnefni og upplýsingum á mismunandi formi og auk þess að jafna aðgengi að menningu og þekkingu. Miðlun menningararfs er hvergi eins öflug og stöðug og á bókasöfnum landsins. Bókasafnaráð lýsir því undrun sinni yfir því að hvorki er minnst á bókasöfn sem ábyrgðaraðila né sem samstarfsaðila í aðgerð nr. 14 sem snýr að fjölbreyttu samstarfi til að miðla menningararfi. Ráðið kom þessari athugasemd á framfæri í fyrri umsögn um bókmenntastefnuna og áréttar það hér með.